



F I S K I S T O F A

Rekstrarleyfi til fiskeldis Rekstrarleyfisnúmer: IS-36069

Með vísan til 7. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, heimilar Fiskistofa Stofnfisk hf. Kalmanstjórn, kt. 620391-1079 að stunda klakfiskaeldi á lax í strandstöð í Höfnum í samræmi við starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Heimilt er að framleiða allt að **190 tonn** árlega.

Helstu ákvæði og skilyrði leyfisins, sem gildir í 10 ár, frá 11. febrúar 2011 til **11. febrúar 2021** eru sem hér segir:

1. Eingöngu er heimilt að ala þær tegundir, sem tilgreindar eru í rekstrarleyfi.
2. Nota skal ker og búnað sem fullnægir kröfum Fiskistofu. Sé um nýja starfsemi að ræða, er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en að fengnu rekstrarleyfi og að lokinni úttekt Fiskistofu.
3. Notkun á innfluttum notuðum búnaði við eldið er óheimil.
4. Frárennsli og innrennsli skal útbúið með netsigti sem geri það fiskhelt en verði að öðru leyti í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.
5. Á gildistíma leyfisins skal framkvæmt eftirfarandi:
 - Fært verði í dagbók helstu atriði í rekstri og starfsemi eldisstöðvar, svo sem fiskdauði, fóðurmagn, heilsufar fisks, ástand eldisbúnaðar og önnur atriði.
 - Rekstrarleyfishafi skal árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína sbr. 14. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.
6. Eldið er háð eftirliti Fiskistofu og eldisaðila er skylt að veita eftirlitsmönnum aðgang að dagbók stöðvarinnar og aðstoða þá eftir föngum. Sé þess krafist skal greiða árlegt eftirlitsgjald til Fiskistofu samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur.
7. Eldið er einnig háð heilbrigðiseftirliti Matvælastofnunar og ákvörðunum hennar varðandi sóttvarnir.
8. Hafi eldi ekki verið hafið innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis má fella það úr gildi.
9. Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, framsal, leiga eða veðsetning rekstrarleyfis er óheimil.
10. Rekstrarleyfið er einnig háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem settar kunna að verða á grundvelli ofangreindra laga.
11. Brot á skilyrðum leyfis eða ákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra geta varðað afturköllun rekstrarleyfis.

F. h. Fiskistofu

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir